



Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Fréttabréf

Mars 2016

Stjórnarfundur Foreldrafélags Sunnulækjarskóla 15.mars kl: 20:30

Mætt: Álfheiður, Heiða, Inga Dóra, Karl og Sigurður

- Farið var aðeins yfir framgang dúkkuverkefnis í 9. bekk, hvernig það gekk fyrir sig og hverjar lokaniðurstöður voru.
- Samborg – þar er mikið starf framundan. Ákveðið var að bjóða foreldrafélögum leikskóla í Árborg að ganga til liðs við Samborg. Vel var tekið í það og var fyrsti fundur haldinn 4.apríl.
- Inga Dóra sagði frá vinnuhelgi fulltrúaráðs Heimili og skóla sem hún tók þátt í. Þar hittust fulltrúar foreldrafélaga víðs vegar af landinu en Inga Dóra er fulltrúi Samborgar í fulltrúaráði Heimili og skóla
- Rætt var um lög og reglur foreldrafélaga og mikilvægi þess að hafa slíkt á hreinu.
- Skóladagur Árborgar verður 27 apríl. Leitað var til Samborgar um að vera með málstofu á þeim degi. Rætt var um skipulag og aðkomu að þeim degi.





Gættu að hvað þú gerir á Netinu! Það sjá það allir

Netið er stórkostlegur upplýsinga- og samskiptamiðill með óendanlega möguleika. Notum það ekki til að meiða og særa annað fólk og höfum ávallt í huga að allt sem við setjum á Netið endurspeglar hver við erum – og er öllum opið, alltaf.

- Það kom fram hugmynd að útbúa atburðardagatal fyrir foreldrafélagið. Gott fyrir starfsemina til að hafa sem besta yfirsýn.
- Fyrirlestur með Eyjólfri Erni sálfræðingi var haldinn 5.apríl. Eyjólfur sérhæfir sig í tölvuvanda barna og ungmenna. Fyrirlesturinn var samstarfsverkefni Samborgar og fræðsluviðs Árborgar. Fyrirlesturinn tókst mjög vel, góð mæting og almenn ánægja með erindi Eyjólfis. Boðið var upp á súpu í hléi og góðar umræður mynduðust á meðal fundargesta.
- Ákveðið var að halda aðalfund foreldrafélagsins 24.maí kl.20:00

